Samgöngur við Eyjar hafa truflast verulega

Vestmannaeyjum, 10. janúar.

VESTMANNAEYINGAR hafa ekki frekar en aðrir landsmenn farið varhluta af veðralátunum sem geysað hafa á landinu síðustu dagana. Hefur ekki verið óalgengt að hér hafi verið þrenns konar veður á sama sólarhringnum. Fólk hefur brotist í vinnu að morgni í austan roki og snjóbyl, farið heim í hádegismatinn í logni og blíðu og síðan hefur verið kominn beljandi útsynningur þegar haldið var heim úr vinnu að kvöldi.

Ekki hafa borist fréttir af neinum teljandi skemmdum eða óhöppum vegna veðurhamsins, enda hefur svo sem áður gustað duglega á Stórhöfða.

Samgöngur við Eyjar hafa truflast verulega þessa fyrstu daga ársins. Flugleiðir hafa aðeins náð að fljúga eina áætlunarferð hingað frá því á gamlársdag. Herjólfur varð að fella niður ferð til Þorlákshafnar á sunnudaginn vegna sjólags og ófærðar á fastalandinu og er það í annað skiptið frá áramótum sem ferð fellur niður hjá skipinu. Auk þess mátti skipið í síðustu viku bíða í sólarhring í Þorlákshöfn meðan brotist var með farþega milli Reykjavíkur og Þorlákshafnar. Það er fátítt að Herjólfur verði að fella niður ferðir. Á síðasta ári fór skipið 355 ferðir milli lands og eyja og flutti alls 46.122 farþega, 10.180 bifreiðar, auk 1.119 vöruvagna og annars varnings. Farþegum með Herjólfi fækkaði um 1.900 frá árinu 1981, en bifreiðar voru 712 fleiri.

— Hermann

Hrútafjörður:

Illviðri tefur samgöngur og skólahald

Stað í Hrútafirði, 10. janúar.

VEÐRAHAMURINN síðustu daga og vikur hefur haft sín áhrif hér hjá okkur eins og annars staðar á landinu, þótt fannfergið sé að vísu minna hér en víða annars staðar.

Hér voru um 70 manns veðurtepptir í tvo sólarhringa, en fólkið komst á brott á föstudaginn þegar opnaðist aftur. Nú er hins vegar aftur komið fólk hingað, því hér eru fjórir bílar á suðurleið, sem ekki komast lengra. Gífurlegur snjór er hér suður af, allt frá heiðarsporðinum að Munaðarnesi í Borgarfirði. Ég hef talsvert verið í ferðum hér undanfarin fimmtán ár, og man ekki eftir öðrum eins snjóalögum.

Skólakrakkarnir hafa ekki farið varhluta af veðrinu frekar en aðrir, og gekk illa að koma öllum nemendum Reykjaskóla í skólann að loknu skólaleyfi. Hópur nemenda var til dæmis tepptur í Borgarfirði í tvo sólarhringa. Nú eru þeir þó komnir norður, og fer vonandi að sjá fyrir endann á veðrinu, þannig að lífið færist í eðlilegt horf á ný.

—M.G.

Árnessýsla:

Rafmagnslaust í allt að nítján klukkutíma

„ÞAÐ VAR töluvert um bilanir um helgina, einkum á Reykjanesi, í Árnessýslu og í Rangárþingi," sagði Baldur Helgason aðstoðarrekstrarstjóri Rafmagnsveitna ríkisins í samtali við blaðamann Morgunblaðsins í gær er hann var spurður hver áhrif veðrið um helgina hefði haft á raforkudreifingu RARIK.

Baldur kvað rafmagn hafa farið af á svipuðum tíma á Suðurnesjum og fyrir austan Fjall, eða um klukkan 5 á sunnudagsmorgun. Það hefði verið ísing er sleit línur og saltmengaður snjór er settist á einangrara er einkum olli truflunum og bilunum. Rafmagn fór af Grindavík, Sandgerði, Vogum og Garðinum á áðurgreindum tíma, og komst það ekki á að nýju fyrr en milli kl. 15 og 16 á sunnudag. Enn lengur var rafmagnslaust fyrir austan, einkum í sveitum, svo sem í Flóanum, þar sem rafmagn var ekki að fullu komið á fyrr en um miðnætti á sunnudagskvöld. Rafmagn var hinsvegar komið aftur á á Selfossi um hádegi, og um kaffileytið á Stokkseyri og Eyrarbakka, en stofnlína þangað slitnaði. Þorlákshöfn fékk einnig rafmagn um kaffileytið, og svipaða sögu kvað Baldur vera að segja frá Hellu, en rafmagn fór ekki svo lengi af á Hvolsvelli.

Nánast engar truflanir kvað Baldur hafa orðið á öðrum stöðum dreifingarsvæðis Rarik, svo sem í Borgarfirði, og Snæfellsnes, Norðurland og Austurland sluppu alveg.

Framsóknarflokkur:

Ólafur Jóhannesson efstur í Reykjavík

— Skoðanakönnun í Reykjaneskjördæmi frestað

NIÐURSTÖÐUR skoðanakönnunar meðal fulltrúaráðsmanna Framsóknarflokksins um skipan framboðslista flokksins fyrir komandi Alþingiskosningar, sem fram fór um helgina, urðu þær að Ólafur Jóhannesson utanríkisráðherra varð efstur með 207 atkvæði í fyrsta sæti. Í öðru sæti varð Haraldur Ólafsson með 127 atkvæði í 1. og 2. sæti og í þriðja sæti Björn Líndal með 101 atkvæði í 1.—3. sæti. 350 manns voru á kjörskrá, um 80% þeirra tóku þátt í skoðanakönnuninni. Um helgina átti einnig að fara fram skoðanakönnun innan kjördæmisráðs Framsóknarflokksins á Reykjanesi, henni varð að fresta vegna veðurs og slæmrar færðar.

Röðun manna í Reykjavík, neðan við þriðja sætið var þannig: Í fjórða sæti Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir með 131 atkvæði í 1. til 4. sæti. Í fimmta til sjötta sæti voru jöfn Bolli Héðinsson og Steinunn Finnbogadóttir með 156 atkvæði í 1. til 5. sæti. Varpað var hlutkesti milli þeirra, sem Bolli vann, þannig að hann skipar 5. sæti en Steinunn 6. sæti. Tíu voru í framboði, röðun sæta neðan við 6. sætið er ekki gefin upp.

Reglur skoðanakönnunarinnar í Reykjavík eru þannig að sögn Hrólfs Halldórssonar formanns fulltrúaráðsins, að niðurstöður eru ekki bindandi.



Norræn vefjarlist III á Kjarvalsstöðum.

Eiður Guðnason formaður Menningarmálanefndar Norðurlandaráðs:

Við eigum að stefna að tvöföldun norrænu menningarfjárlaganna á næstu 3 árum

SÝNINGIN Norræn vefjarlist III var opnuð á Kjarvalsstöðum á laugardaginn þrátt fyrir vonskuveður og ófærð á höfuborgarsvæðinu.

Á sýningunni eru 86 textílverk eftir listamenn frá öllum Norðurlöndunum, þar af fimm íslenska og einnig er sérstök íslensk smámyndasýning, þar sem 12 textíllistamenn eiga verk. Hér er um farandssýningu að ræða, sem sett var upp í Finnlandi í haust, og fer síðan um öll Norðurlöndin. Sýningin er í öllu húsinu, og er opin daglega frá kl. 14—22 fram til 30. þessa mánaðar. Eiður Guðnason, alþingismaður, formaður Menningarmálanefndar Norðurlandaráðs, flutti eftirfarandi ræðu við opnun sýningarinnar:



Frá opnun Norræn vefjarlist III. Eiður Guðnason í ræðustóli.

„Góðir gestir. Ég ætti líklega að segja harðsnúna lið, sem hingað hefur brotist í þessu rammís lenska vetrarveðri.

Þessi glæsilega sýning er ekki aðeins árangur og afrakstur hugarflugs og handmenntar þeirra áttatíu og tveggja listamanna, sem hér hafa lagt hönd að verki, heldur er hún ekki síður ávöxtur norrænnar samvinnu, sem ég fullyrði, að ekki á sinn líka meðal frjálsra og fullvalda ríkja í veröldinni. Samvinnu sem orðin er ótrúlega náin og víðfeðm og tekur ekki aðeins til hinna hátíðlegu stunda, heldur gætir hennar og á nær öllum sviðum hins daglega lífs.

Menningarsamvinna Norðurlandanna á sér auðvitað langa sögu. Að forminu til byggist hún á norræna menningarmálasamningnum, sem menntamálaráðherrar landanna undirrituðu 15. mars 1971 og tók gildi í ársbyrjun 1972, og hefur því verið í gildi í ellefu ár. Samningurinn byggir á þeirri meginstaðreynd hve margt Norðurlöndunum er sameiginlegt í menningarlegu tilliti, hve margt sameinar, þótt víst sé eitt og annað ólíkt og aðskilji með nokkrum hætti. En það er einmitt markmið norrænnar samvinnu í menningarmálum að draga fram, efla og styrkja það sem við eigum sameiginlegt, og þá ekki síður hlú að hinu sem sérstætt er fyrir hvern og einn, sem er sérstakt og þjóðlegt. Allt samstarf af þessu tagi, hverju nafni sem nefnist, sem og raunar flest öll menningarviðleitni, kostar fé. Á vettvangi Norðurlandaráðs eru samþykkt menningarfjárlög á hverju ári. Þau nema í ár um 246 milljónum íslenskra króna. Kann ýmsum að þykja það sæmilega rífleg upphæð. Svo er þó ekki, og er þar langur vegur frá. Nærri liggur, að til þessa menningarsamstarfs leggi hver einstaklingur á Norðurlöndum fram í kringum tíu krónur á þessu ári.

Árlega er ekki unnt að sinna nema broti þeirra beiðna, sem berast um styrki eða aðstoð til ýmiskonar menningarstarfs. Mikið er um það talað á vettvangi Norðurlandaráðs, að nú ári illa í henni veröld okkar, og því getum við ekki aukið þessi framlög, kannski rétt haldið í horfi. Það er áreiðanlega rétt, að oft hefur árað betur. Samt er það bjargföst skoðun mín, að við eigum að leggja meira fram til þessa samstarfs, sem á svo mörgum sviðum hefur ótvírætt sannað gildi sitt.

Þótt nú beri hátt tal um kreppu og samdrátt, þá er allt afstætt, og lífskjör og velmegun í löndunum okkar eru „með ólíkindum góð", ef horft er til annarra hluta heims. Við megum ekki láta krepputalið draga úr okkur dug. Við eigum að stefna að því, að tvöfalda norrænu menningarfjárlögin á næstu þremur árum eða svo. Þá væri hlutur hvers íbúa sem svaraði tuttugu krónum, og áreiðanlega erum við aflögufær um það, og jafnvel þótt eilítið meira væri.

Þessi þriðja farandsýning á norrænni vefjarlist hefur svo sem tvær hinar fyrri notið nokkurrar fyrirgreiðslu frá Norræna menningarsjóðnum, sem fær fé sitt af norrænu menningarfjárlögunum. Svo háttar þar starfsreglum sjóðsins, að ekki eru veittir styrkir til samskonar verkefna oftar en þrisvar. Það samstarf, sem tekist hefur með norrænum listvefurum um þessar sýningar, hefur hinsvegar tekist svo vel og gefið þá raun, að rík ástæða er til að greiða fyrir að það geti áfram haldið. Þessvegna hafa fulltrúar Íslands og Finnlands í Norrænu menningarmálanefndinni lagt fram tillögu í Norðurlandaráði um fjárhagslegan frambúðarstuðning við norrænar listsýningar af þessum toga. Sú tillaga er nú til umsagnar hjá þeim aðilum, sem helst láta sig þessi mál varða. Umsagnarfresti lýkur hinn fyrsta febrúar næstkomandi. Mun ég eftir megni beita mér fyrir því, að tillagan fái sem fyrst jakvæða afgreiðslu í menningarmálanefnd Norðurlandaráðs.

Þessi þriðja farandsýning á norrænni vefjarlist, sem hér blasir við, var fyrst sett upp í Helskini í ágúst, en því næst í Svíþjóð og fer héðan til Færeyja, Noregs og Danmerkur.

Af hálfu starfshópsins, sem setti þessa sýningu upp, hef ég verið beðinn að flytja starfsfólki Kjarvalsstaða sérstakar þakkir, sérstaklega þeim Þóru Kristjánsdóttur og Stefáni Halldórssyni.

Við sjáum þess glögg merki á listaverkunum hér, að norræn vefjarlist á sér langa sögu, en samt er hún ný og fylgist með tímanum. Gömlu handverki hefur verið gefið nýtt gildi, gömlum vinnubrögðum forðað frá því að falla í gleymsku, ný list í aldagamalli norrænni hefð.

Heitin á hlutum gamla vefstólsins eru okkur nútímamönnum kannski orðin nokkuð fjarlæg, heiti eins og hræll, höföld, vipputré, spjálk og meiðmar, en það breytir ekki því, að við fáum notið þessarra einstæðu listaverka, sem hér getur að líta.

Norræn list, sagði ég hér áðan. En auðvitað er listin alþjóðleg og þekkir ekki landamæri. Norrænir vefarar njóta álits og viðurkenningar um víða veröld, og vissulega að verðleikum.

Að nokkru erum við öll vefarar, þótt með ólíkum hætti sé. Sem þátttakendur í norrænu samstarfi erum við að vefa hinn norræna samstarfsvef, þá voð, margmynstraða, ótrúlega fjöllita og margþætta, sem lengist og breikkar með hverju árinu. Það er okkar framtíðaverk, að halda áfram að vefa hinn norræna samstarfsvef, þétta hann og styrkja til varnar hinum sameiginlega menningararfi okkar, um leið og við í hann blöndum þeim þáttum bestum, sem frá öðrum berast.

Ég lýsi því yfir, að sýningin Norræn vefjarlist sú hin þriðja í röðinni er hér með hafin. Njótum vel!